

11. fundur Undirbúningsstjórnar vegna sameiningar sveitarfélaganna Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Borgarfjarðarhrepps, haldinn mánudaginn 22. júní í fjarfundakerfinu Zoom.

Fundurinn hófst kl. 10:30.

Mættir eru: Kristjana Sigurðardóttir, Anna Alexandersdóttir, Hannes Karl Hilmarsson, Stefán Bogi Sveinsson, Helgi Hlynur Ásgrímsson, Jakob Sigurðsson, Þorbjörg Sandholt, Bergþóra Birgisdóttir, Hildur Þórisdóttir, Vilhjálmur Jónsson og Elvar Snær Kristjánsson.

Róbert Ragnarsson, sem ritaði fundargerð.

1. Hlutverk sveitarstjóra

Framhald frá síðasta fundi þar sem ráðgjöfum var falið að afla álits lögfræðinga Sambands íslenskra sveitarfélaga á ákvæðum um starfslok í ráðningarsamningunum og taka saman yfirlit yfir fjárhagsleg áhrif.

Eftir ítarlega umræðu var kl. 11.40 ákveðið að fresta fundi meðan ráðgjafar vinni við orðalag tillögu og við öflun nánari upplýsinga. Áætlað er að fundur haldi áfram fimmtudaginn 25. júní kl. 8.

Fundur var settur að nýju þann 25. júní kl. 8 í fjarfundakerfinu Zoom. Helgi Hlynur Ásgrímsson og Katrín Dóra Þorsteinsdóttir mannauðsráðgjafi voru forfölluð þann 22. júní en eru mætt til fundar. Vilhjálmur Jónsson er forfallaður.

Til umræðu er staða bæjar- og sveitarstjóra sveitarfélaganna fjögurra, réttindi samkvæmt gildandi ráðningarsamningum og mögulegt framhald á störfum þeirra fyrir nýtt sveitarfélag.

Með það fyrir augum að sameiningin geti gengið hnökralaust fyrir sig og stuðla að farsælli yfirfærslu verkefna telur Undirbúningsstjórn æskilegt fyrir nýtt sveitarfélag að tryggja sér starfskrafta og þekkingu fráfarandi bæjar- og sveitarstjóra Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Fljótsdalshéraðs. Kjörtímabil nýrrar sveitarstjórnar er stutt og mörg mikilvæg verkefni sem þarfnast skjótrar úrlausnar. Undirbúningsstjórn leggur áherslu á þakklæti sitt til allra bæjar- og sveitarstjóranna fyrir það mikla og óeigingjarna starf sem þau hafa innt af hendi við sameiningu sveitarfélaganna. Það verður seint fullpakkað.

Undirbúningsstjórn hefur ekki umboð til að taka beinar ákvarðanir um atriði sem snúa að ráðningarsamningum en mælir með því við væntanlega sveitarstjórn hins sameinaða sveitarfélags að samið verði við fráfarandi bæjarstjóra Fljótsdalshéraðs um áframhaldandi starf sem sveitarstjóri hins sameinaða sveitarfélags út kjörtímabilið. Þá mælir Undirbúningsstjórn með því að samið verði við fráfarandi sveitarstjóra Borgarfjarðarhrepps og Seyðisfjarðarkaupstaðar um að þau starfi áfram sem fulltrúar sveitarstjóra á hvorum stað út kjörtímabilið. Þau haldi núverandi starfskjörum í þrjá mánuði eftir gildistöku sameiningar, en að þeim tíma liðnum þiggi þau laun í samræmi við mat á starfi og ábyrgð fulltrúa sveitarstjóra. Jafnframt er mælt með því að samið verði við fráfarandi sveitarstjóra Djúpavogshrepps til 2 mánaða um aðstoð við að setja fulltrúa sveitarstjóra á Djúpavogi inn í starfið en hann hefur látið vita að hann sækist ekki eftir starfi hjá sveitarfélaginu að loknum kosningum.

Verkefnisstjóra og mannauðsráðgjafa er falið að kynna öllum bæjar- og sveitarstjórum tillögurnar og koma niðurstöðum til skila við nýja sveitarstjórn að afloknum sveitarstjórnarkosningum.

2. Næsti fundur Undirbúningsstjórnar

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fleira ekki gert og fundið slitið kl. 9:40.